

Jón Sigurbjörnsson

† Jón Sigurbjörnsson leikari og óperusöngvari fæddist á Ölvaldsstöðum í Borgarfirði 1. nóvember 1922. Hann lést á dvalarheimilinu Hrafnistu 30. nóvember 2021.

Foreldrar hans voru Ingunnur Kristín Einarsdóttir hús-

freyja, f. 28.6. 1896, d. 19.9. 1986, og Sigurbjörn Halldórsson verkamaður, f. 19.10. 1873, d. 2.3. 1948. Bróðir Jóns var Halldór Kristinn, f. 17.12. 1920, d. 7.12. 1979.

Jón giftist Þóru Friðriksdóttur leikkonu, f. 26.4. 1933, d. 12.5. 2019. Þau skildu árið 1981. Dætur Jóns og Þóru eru: 1) Lára, f. 11.7. 1957. Börn hennar og Jóns Tryggvasonar eru Iðunn, f. 18.9. 1987, og Tryggvi, f. 29.1. 1990. Maki hans er Ragna Margrét Einarsdóttir, f. 11.8. 1994, og dóttir þeirra er Bríet Lára, f. 5.2. 2020. 2) Kristín, f. 4.6. 1965. Maður hennar er Sigmundur Jóhannesson, f. 25.9. 1957. Dætur Sigmundar eru Tinna Björk, f. 22.9. 1980, og Arna Þóll, f. 9.12. 1988.

Jón ólst upp í Borgarnesi og hóf starfsferil sinn sem vegavinnumaður og mjólkurbílstjóri í Borgarfirði. Hann lauk gagn-



fræðaprófi frá Gagnfræðaskóla Reykjavínga 1941 og stundaði nám í Leiklistarskóla Lárúsar Pálssonar veturinn 1944-45. Hann stundaði tónlistarnám í Tónlistarskóla Páls Ísólfssonar árin 1943-1946. Síðan fór hann til leiklistarnáms við The American Academy of Dramatic Arts í New York og lauk þaðan prófi vorið 1948. Söngnám stundaði hann í New York samhliða leiklistarnáminu. Jón fór til Ítalíu til að nema óperusöng. Í Milánó og Róm bjó hann árin 1961-64. Þar með var söngnami þó ekki lokið, því hann æfði söng hjá Sigurði Demetz árum saman á Íslandi.

Jón hóf leiklistarferil sinn sem Hóras í Hamlet hjá Leikfélagi Reykjavíkur vorið 1949. Hann lék þar síðan næstu árin og var formaður Leikfélags Reykjavíkur 1956-59. Jón var fastráðinn leikari við Þjóðleikhúsið 1960-67, að undanskildum árunum 1964 og 1965, er hann var ráðinn til konunglegru þensku óperunnar í Stokkhólmi. Þar söng hann m.a. í óperunum Il trovatore, Rigoletto og Aida. Jón söng einnig hér heima, m.a. hlutverk nautabánans í Carmen, sem

hann leikstýrði sjálfur hjá Þjóðleikhúsinu. Hann var fastráðinn leikari Leikfélags Reykjavíkur árin 1967-1992. Þar lék hann ótalmörg hlutverk. Jón var jafnframt mikilvirkur leikstjóri og stýrði ótal sýningum hjá Leikfélagi Reykjavíkur. Síðar meir var hann gerður að heiðursfélagi leikfélagsins. Hann leikstýrði töluvert með áhugaleikfélögum, og þá helst leikfélagi Hrunamanna á Flúðum. Hann var mikill áhugamaður um kvikmyndir og lék í þeim nokkrum, t.d. Landi og sonum eftir Ágúst Guðmundsson og Magnúsi eftir Þrání Bertelsson. Síðasta kvikmyndahlutverkið var í Síðasta bænum eftir Rúnar Rúnarsson.

Árið 1977 kom út hljómplatan Fjörtán sönglög eftir fjórtán íslenska höfundum á vegum SG hljómplatna með söng Jóns þar sem Ólafur Vignir Albertsson lék með á píanó. Árið 2003 gaf Ríkisútvarpið út veglegan geisladisk með söng Jóns undir yfirskriftinni Útvarpsperlur.

Jón fluttist árið 1992 að Helgastöðum í Biskupstungum, þar sem hann stundaði sitt helsta áhugamáli síðustu árin, hestamennsku og hrossarækt. Hann kenndi söng í Tónlistarskólanum á Helli í Helgastöðum.

Síðustu átta árin tæp bjó Jón á Hrafnistu í Reykjavík.

Útförin hefur farið fram í kyrriþey.

þakka fyrir allt. Skilninginn, húmorinn og hlýjuna. Skilyrðislausni kærleikurinn hans þakka hefur staðið með mér alla ævi og fyrir hann verð ég ævinlega þakklát. Af öllu hjarta elsku þabbi.

Kristín Jónsdóttir (Dinna).

Elsku hjartans þabbi, nú ertu farinn. Þvílík lukka að hafa átt dásamlegan þakka í öll þessi ár, þakka sem var alltaf hlýr, skemmtilegur, fyndinn og stundum dálítið ólíkindatöl.

Það er skrifin tilfinning að pota á blað nokkrum minningarkornum um þig, því úr mörgu er að velja.

Þú hugsaðir alltaf svo vel um okkur Stínu, klæddir okkur á morgnana, keyrðir í leikskólann og leyfðir mömmu að sofa lengur.

Þú kvartaðir oft undan því að við skyldum vaxa og stækka, eins og þú værir hræddur um að missa okkur frá þér.

Þú líf varð mér hvatning á svo margan hátt. Hvatning til að gera það sem hugurinn stóð til. Uppeldi okkar systra var þér í blóð borði, fallett, alltaf hlýlegt og oft blandað húmor. Þú hafðir verið í útlöndum og lært bæði leiklist og söng og fannst allveg upplagt þegar ég vildi fara til Ítalíu, aldrei neinar vörurni að þú sért að græða eitt-hvað á þessu þarna... Falun Gong? Ég skellti náttúrulega upp úr en hann lét sem ekkert væri. Hans aðferð til að láta vanþóknun sína í ljós.

Nú er komið að því að kveðja og

þig og gafst okkur þess vegna ótal telfni til að hlæja og skemmta okkur á þinn kostnað, sem þér fannst hið besta mál. Sjálfur sást þú kímna í því litla og oft hversdaglega.

Ég held að þér hafi aldrei liðið betur en á Helgastöðum, í hrossastússi og -rækt. Þá varstu hættur að vinna í leikhúsinu og gast sinnt þínum áhugamálum af kappi, hrossunum, tónlistinni og lestri. Þegar við hlustuðum á óperur og tárudumst bæði, það voru gæðastundir sem samveran við þig gaf mér. Svo gastu horft á fótboltann og öll frjálsþróttamótin í sjónvarpinu eins og þig lysti. Ég sakna þín, en ekki með sorg í huga heldur þakklæti og gleði yfir að hafa átt þig að.

Þín

Lára (Lalla).

Elsku afi, alltaf svo góður, gjafmildur og fús að hjálpa og gefa manni tíma. Það sem kemur helst upp í hugann er hvað þú varst alltaf jákvæð fyrirmynd fyrir alla í kringum þig. Þú fylgdir þínum draumum og fórst þínar eigin leiðir og held þú hafir ekki fullkomlega gert þér grein fyrir hversu góð áhrif þú hafðir á fólk í kring um þig. Auðmjúkur endalaust. Þú kenndir okkur að lifa ekki lífinu í kyrrestöðu. Þú kenndir okkur að draumar eru ekki bara draumar, þeir eru þarna til að fylgja þeim eftir. Á meðan hélt þú í þína einkennandi hlýju, húmor og stríðni.

Iðunn Jónsdóttir.

Kveðja

Ástin er undur sem ódainslundur hún umvefur mig.

Hún er sterk taugin sem ég ber til Jóns Sigurbjörnssonar og ristir djúpt. Leiðir okkar lágu fyrst saman í leiksýningu Þjóðleikhússins á söngleikum Kysstu mig Kata vorið 1958, ég í statistahlutverki, þá 11 ára gamall, og Jón í aðalhlutverki, þá 35 ára gamall. Þar og þá myndaði ég sambandi við minn eigin föður og Jón með sína karlmannlegu framgöngu og djúpu sterku rödd féll vel að minni heit þráðu föðurmynd. Ég dróst að honum og dáðist að honum, ég hlustaði á hann gegnum hátalakerfið á sýningum og samsamaði mig við persónu hans og tilfinningar í leiknum. Sérstaklega var einn söngur sem hann söng undir lok verksins sem gekk mér beint til hjarta og fyllti mig svo sterku kenndum að ég táraðist yfirleitt þegar ég hlustaði á hann opnum eyrum gegnum kerfið – heit og ljúfsár ástarjætning til konunnar þegar hún vildi yfirgefa hann.

Nokkrum árum síðar lágu leiðir okkar aftur saman, þegar hann varð kennari í Leiklistarskóla Þjóðleikhússins og kenndi okkur leiktátlukun með eftirminnilegum hætti. Síðar meir áttum við svo samleið sem samverkamenn í leiklistinni, á leiksviði, í útvarpi, sjónvarpi og kvikmyndum. Og enn síðar minnst ég góðra stunda á heimsóknum til hans í sveitina á Helgastöðum og svo síðustu árin inn á Hrafnistu. Og ávallt svo vel tekið á móti manni með hlýju og ljúfmennsku og glettnin ekki langt undan, ævinlega svo hreinn og beinn.

Jón Sigurbjörnsson var og er sterkur áhrifavaldur í þessu lífi með öllum sínum frábæru eiginleikum sem manneskja og sínum listrænu hæfileikum og innsýn, þar sem mennskan var í fyrirrúmi.

Einhvern tíma fyrir þó nokkrum árum bað ég Jón um að syngja umræddan söng fyrir mig inn á band, svo ég gæti átt hann fyrir mig, en það var of seint. Ég á þó minninguna um sönginn og röddina og tilfinninguna, ávarandi minningu.

Þessi söngur sem Jón söng svo fallega og hafði þessi sterku áhrif á eina viðkvæma barnssál ber heitið Ástin er undur (í þýðingu Egils Bjarnasonar; So in love á ensku) og þessar eru línurnar sem hafa lifað innra með mér alla tíð:

Farir þú frá mér
ég finn þig samt hjá mér
sem faðmir þú mig,
ó, hve heitt ég elska þig.

Ég kveð Jón með þessum orðum og þeirri tilfinningu sem ég nam úr söng hans. Og ég syng þennan söng til hans fyrir hönd drengsins í mér, fyrir hönd fullorðna mannsins og fyrir hönd gamla mannsins – við allir sem einn elskum þig, Jón Sigurbjörnsson, fólksvalaust. Hafðu þökk fyrir allt, yndislegi maður.

Sigurður Skúlason.

Fallinn er frá mikilhæfur leikhúsmáður, góður félagi og aldinn höfðingi sinnar stéttar, leikari, söngvari og leikstjóri, Jón Sigurbjörnsson. Atvik höguðu því þannig, að mér auðnaðist að fylgjast með öllum hans mikla ferli, allt frá því hann þreytti eiginlega frumraun sína sem Hóras í sýningu Leikfélags Reykjavíkur á Hamlet 1949, sýningum leikflokksins Sex í bíl, fyrri

Þjóðleikhúsarunum (og þeim síðari líka), framlagi hans til Leikfélagsins undir lok sjötta áratugarins, söng hans við Stokkhólmsóperuna og síðar Þjóðleikhússins, allt fram til þess ég réð hann til starfa hjá Leikfélaginu 1967, þar sem hann átti síðan mestallan feril sinn. Auk þessa varð hann einnig mjög minnisstæður í nokkrum kvikmyndum á síðustu árum sínum.

Jón var í krafti fjölhæfni sinnar mikill happafengur fyrir Leikfélagið og þann tíma sem við unnum saman í Iðnó lék hann burðarhlutverk í flestum uppsetningum mínum, dr. Brack í Heddu Gabler, kónginn í Yvonne eftir Gombrowicz, Kreon í Antigónu, dr. Godman Syngmann í Kristnihaldi undir Jökli og Skugga-Svein í Útilegumönnunum. Auk þess léði hann mér hönd og rödd í Þjóðleikhúsinu sem söngvari og leikstjóri og setti meðal annars upp þá óperusýningu sem enn á metaðsókni á Íslandi, Carmen Bizets, 1975. Áður hafði hann m.a. sungið þar Sarastro í Töfrflautunni eftir Mozart og skrattakollinn með rógsariuna í Rakaranum í Sevilla, hlutverk sem hann glansaði líka í í Stokkhólmi. Þessi stutta upptalning segir talsvert um fjölhæfina.

Jón var sterkur og karlmannlegur að burðum, en viðkvæmur og bar ekki sorgir sínar á torg. Hann gat virkað hrjúfur en um leið ærlegur og vammlaus og nýttí þessi eiginleika vel eins og í hlutverki trúboðans Hans Egede í leikriti Davíðs Stefánssonar Landið gleymda, eða bara þegar hann söng Sverri konung. Þetta fólksvalaeyfi lýsti sér og vel í Equisi Peters Shaffers; allt önnur hlíð var þegar hann brá sér í nútímansöngleiki, eins og þann fyrsta sem hér var sýndur, Kysstu mig Kata, þar sem hann var Petruccchio, og síðar svo ólíkir herrar sem Grettir og Kaifas í Jesú Kristi Ofurstjörnu, að ógleymdum þursinum Prymi í óperu Jóns Ásgeirs-sonar. Og ekki held ég við höfum eignast betri Skugga-Svein á allri tuttugustu öldinni en þann sem Jón skapaði, sá ógæfumaður hlaut allra samúð.

Svo sakaði ekki að við hans staðleika bættist léttleiki og glettni sem nýttist honum vel þegar gamanið var annars vegar. Jón var nefnilega spaugsamur gamanleikari og einn fjölvirkasti leikstjóri okkar um sína daga og einn af fáum íslenskum leikstjórum sem hafa haft skopleikinn á valdi sínu. Leikhúsfólk veit að þar er vandinn ekki síðri en í alvörinni, en þar átti Jón einnig margar ágætis sýningar. Gaman Jóns var stundum gróft og stórkarlalegt, en stundum hárfint og nærfærnis-

legt. Dýpt sína sem listamaður sýndi hann meðal annars sem Kreon í Antigónu, sem náði göðsögulegri stærð.

Jón var í eðli sínu náttúrubarn og undi sér hvað best á síðustu árum með hestunum sínum fyrir austan. En þegar hann hitti gamla félagi úr leikhúsinu færðist kátina yfir og óskert magn af gagnkvæmri hlýju ríkti.

Við Þóra sendum Láru og Kristínu okkar innilegustu samúðarkveðjur.

Sveinn Einarsson.

Það leiddist engum í félagsskap Nonna Sibb eins og hann var kallaður í leikhúsinu. Hann var léttur í lungu og mikill húmoristi. En starfið tók hann alvarlega, vinnubrögðin vönduð og skilvirk. Jón var einn af traustustu leikurum Leikfélags Reykjavíkur. Hann þreytti frumraun sína sem Hóras í Hamlet 1949 og starfaði með félaginu um áratuga skeið en lék líka fjölmörg hlutverk í Þjóðleikhúsinu og í kvikmyndum. Urðu hlutverkin vel á annað hundrad á ferlinum. Jón var einnig farsæll leikstjóri og meðal sýninga hans eru mörg af vinsælustu verkefnum Leikfélagsins: Tannhvöss tengdamamma, Maður og kona, Þið munið hann Jörund, Rommi og ekki síst Fló á skinni en einnig dramatískari verk: Máfurinn, Sex persónur leita höfundar, Nótt yfir Napoli og Skáld-Rósa. Ógerlegt er að telja upp alla hans leiksigra en minna má á að hann lék Skugga-Svein með tilþrífum bæði í Þjóðleikhúsinu og Iðnó, Kunstner Hansen í Strompleiknum, gamla Mahon í Lukkuriddaranum, sálfræðinginn í Equus og Petrútsíó í Ótemjuni. Jón var myndarlegur á velli og hafði djúpa og fallega bassaródd. Hann stundaði klassískt söngnám og söng í fjölmörgum óperum í Þjóðleikhúsinu, þar á meðal Sarastro í Töfrflautunni, Coline í La Bohème, Don Basilio í Rakaranum, nautabanninn í Carmen (sem hann lék leikstýrði) og Prym í Prymskviðu. Í leikritum og söngleikjum voru þak kröfuhörð sönghlutverk: Þakki hnífur í Túskildingsóperunni, Petruccio í Kysstu mig Kata og Kaifas í Súperstar. Ég var aðeins tíu ára þegar ég sá Jón fyrst á sviði í Iðnó. Það var í leikritinu Nóa (þess sem byggði örkinu) þar sem hann lék elsta soninn, hinn þeldökka Kam. Þetta var svo samarlega ekki barnaleikrit en leikur hans hafði sterk áhrif á mig og er mér ennþá eftirminnilegur. Jón starfaði í Iðnó öll leikhússtjóraárin mín þar á níunda áratugnum og varð ég þeirrar gæfu aðnjótandi að leikstýra honum í nokkrum sýningum. Hann var skemmtilegur í samvinnu, næmur og hafði sterka sviðsnærveru. Hann var bráðfyndinn Snikki smiður í Draumi á Jónsmessunótt, ísmeygilegur sem trúarhræsnarinn Mr. Mulleady í Gísl en eftirminnilegastur var hann sem Bogesen í Söllu Völlu og Ásmundur, faðir Grettis í samnefndum söngleik. Í verkinu starfar hann í Álverinu og verður slíkt vinnudýr að hann bókstaflega breytist í apa og ég dáist enn að úthaldi hans í sjóðheimum apabúningnum. Síðasta samvinna okkar var í opunarsýningu Borgarleikhússins, Höll sumarlandsins, þar sem hann lék föður Vegmeyjar og var sem sé í þeim hópi sem fyrstur sté á hið stóra nýja svið eftir alla áratuginu í þrengslunum í Iðnó. Síðari hluta ævinnar bjó Jón aðallega í sveitinni og stundaði hestabúskap. Hann gekkst við því að vera sannur sveitamaður en var þó ekki síður heimsborgari, sem ungur hafði sótt sér leikmenntu í New York, lært klassískan söng á Ítalíu og sungið um skeið við Óperuna í Stokkhólmi. Hans verður lengi minnst með eins okkar fremsta leikhúsmanns. Við hjónin og fjölskylda sendum dætrum hans og Þóru, þeim Láru og Kristínu, innilegar samúðarkveðjur. Blessuð sé minning þessa öðlings.

Stefán Baldursson.



Elsku þabbi okkar, tengdapabbi, afi, langafi og langalangafi,

GEORG FRANZSON,
fv. garðyrkjubóndi í Laugarási,
síðast til heimilis í Grænumörk 3,
Selfossi,



lést á Heilbrigðisstofnun Suðurlands aðfaranótt föstudagsins 10. desember. Jarðarförin fer fram frá Skálholtskirkju mánudaginn 20. desember klukkan 13. Blóm og kransar eru afþakkaðir. Vegna fjöldatakmarkana verður einungis nánasta fjölskylda viðstödd, en streymt verður frá athöfninni á skalholt.is og facebook-síðu Skálholts.

Jón Þór Þórólfsson Hafðís Héðinsdóttir
Erla B. Norðfjörð
Hjördís María Georgsdóttir Gunnar Einarsson
Ragnheiður Lilja Georgsd.
Eiríkur Már Georgsson
Heiðrún Björk Georgsdóttir Ólafur H. Óskarsson
Íris Brynja Georgsdóttir Steinar Halldórsson
og fjölskyldur